



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Föstudagur 04.september 2020

Ábyrgðarmaður: Þórunn Jónasdóttir

Um leyfi nemenda

Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skóla í 1-2 daga ber forráða-manni að hafa samband við umsjónar-kennara. Beiðni um lengra leyfi en tvo daga þarf samþykki skólastjóra og skal sótt um slíkt leyfi á eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans undir „Foreldrar“

Spjaldtölvur

Við minnum á vef spjald-tölvuverkefnis Kópavogs-bæjar þar sem finna má upplýsingar og leiðbein-ingar varðandi spjaldtölvur nemenda í 5.-10. bekk.

Sjá www.spjaldtolvur.kopavogur.is

[kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Kæra skólasamfélag

Skólinn er að hefja sitt 15 starfsár og í fyrsta sinn í sögu skólans sjáum við fram á aðeins fækkun í nemendahópnum frá fyrra ári en skráðir nemendur í skólann eru nú rétt undir 900. Skólastarfið fer vel af stað og við horfum bjartsýn til starfsins í vetur. Staðan er þó enn sú að við getum ekki boðið foreldrahópa inn í skólann þannig að hefðbundin haustverk eins námskynningar verða ekki haldnar með hefðbundnu sniði. Við erum að vinna í að gera kynningar fyrir foreldra í þeim þremur árgöngum sem námskynningar voru fyrir í fyrra, 1., 5. og 8. En þeir árgangar standa á nokkrum tímamótum eru að koma inn á nýtt skólastig þar sem ýmislegt er ólíkt fyrra stigi.

Einn mikilvægur þáttur í skólastarfinu er starf bekkjarfulltrúa. Það er afar mikilvægt fyrir alla bekki að hafa bekkjarfulltrúa til að halda utan um starf bekkjanna utan skólatíma. Þar er vettvangur fyrir foreldra að kynnast og fyrir nemendur að verja tíma saman utan skólatíma. Ég leyfi mér að fullyrða að starf bekkjarfulltrúa er ekki tímafrekt en býður upp á kjörið tækifæri til að kynnast skóla barnsins betur svo ekki sé minnst á aukin tengsl við aðra foreldra. Ég vil því nota tækifærið og biðja áhugasama foreldra að taka vel í beiðni stjórnar foreldrafélagsins um þátttöku og gefa kost á sér í þetta mikilvæga starf.

Mig langar að þakka foreldrum fyrir góða samstöðu og virkni í foreldraröltinu síðustu vikur. Það er ekki síst öflugur foreldrarölti að þakka hversu vel hefur tekist til við að draga úr hópamyndun á skólalóðinni. En hér voru unglingar víðsvegar að af höfuðborgarsvæðinu farnir að hópast saman. Úr þessu hefur umtalsvert dregið en þó er mikilvægt að halda vöku okkar og röltu áfram, foreldraröltið hefur enn einu sinni sannað gildi sitt.

Við í skólanum hlökkum til komandi skólaárs og óskum eftir góðu samstarfi við foreldra og nemendur hér eftir sem hingað til. Gleðilegt nýtt skólaár!

Bestu kveðjur úr skólanum,
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Skólapúlsinn - kannanir meðal nemenda

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi, viðhorf til námsins og ýmissra almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda. Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beiðni um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á <http://skolapulsinn.is/um>.

Einnig er hægt að hringja í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á



Vinaliðaverkefnið

Í septembermánuði hefjum við að nýju Vinaliðaverkefnið á miðstigi skólans en það felur í sér að virkja nemendur í að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóðinni í frímínútum. Verkefni þetta er að norski fyrirmynd en hefur verið að ryðja sér til rúms í íslenskum skólum á undanförunum misserum. Þetta er fjórði veturinn sem þetta verkefni er í gangi í skólanum. Nánar má fræðast um verkefnið á heimasíðu þess.

<http://www.vinalidar.is>

Skólareglur Hörðuvallaskóla voru unnar af nemendum skólans

og í upphafi skólaárs er ekki úr vegi að rifja þær upp

Ástundun

Ástundun snýst um það hvernig við sinnum námi okkar, hvort við leggjum okkur fram, erum stundvís og vinnusöm. Með því að vinna vel og leggja sig fram næst betri árangur. Þær stöðvar í heilanum sem eru þjálfðar styrkjast og gera mann betri í því sem maður glímir við. Ef maður leggur ekkert á sig nær maður ekki árangri. Þegar við náum árangri en auðveldara að hafa gaman í skólanum.

Við sinnum námi okkar og starfi markvisst, af þrautseigju og metnaði, leggjum okkur fram um að gera okkar besta og gefa öðrum vinnufrið.

Þess vegna þarf ég að:

- sofa vel
- borða hollan mat og hreyfa mig
- vera metnaðarfull/ur og leggja mig fram um að vinna vel í skólanum
- hafa hljóð þegar við á og trufla ekki aðra
- leita aðstoðar þegar ég þarf á að halda
- þiggja þá aðstoð sem mér býðst
- ekki fela það þegar ég skil ekki eitthvað eða veit ekki alveg hvað ég á að gera
- láta vita þegar efni er of létt fyrir mig
- aðstoða aðra þegar ég get
- hugsa um sjálfa/n mig og vera einbeitt/ur
- hlaða spjaldtölvuna
- nota spjaldtölvuna markvisst í námi mínu þegar við á og láta ekki leiki og annað í spjaldinu trufla mig við námið

Samskipti

Samskipti snúast bæði um samskipti starfsfólks og nemenda og samskipti nemenda sín á milli. Þegar allir leggjast á eitt um að hafa samskipti góð aukast líkur á því að öllum þyki gaman í skólanum.

Við komum fram við hvert annað af virðingu, tillitsemi og ábyrgð og virðum rétt hvers annars til vera við sjálf og örugg

Þess vegna þarf ég að:

- hugsa áður en ég tala
- koma eins fram við aðra eins og ég vil að þeir komi fram við mig
- koma vel fram við alla starfsmenn og nemendur
- vera góður við aðra svo þeim líði vel
- sýna tillitsemi og hrósa hvert öðru
- fara eftir fyrirmælum starfsmanna – bæði í tímum, á göngum og úti í frímínútum
- bjóða öðrum að vera með svo allir geti haft gaman
- leyfa öllum að vera með og skilja engan útundan
- sýna kurteisi og virða persónulegt rými annarra
- hjálpa öðrum og stoppa einelti ef einhver er að stríða
- sleppa því að stríða öðrum, slást eða lemja

Umgengni

Umgengni snýst um það hvernig við göngum um skólann okkar, eigur hans og eigur annarra. Hún snýst einnig um það hvernig við komum fram á skólalóðinni og í kringum snjalltækin okkar. Með því að læra góða umgengni og leggja sig fram um hana er ýtt undir að skólabragur verði metnaðarfullur og jákvæður.

Við göngum vel um skólann, eigur hans og eigur hvors annars. Við göngum rólega innan dyra, göngum frá eftir okkur og látum það sem við eigum ekki vera.

Þess vegna þarf ég að:

- hugsa um eigin umgengni
- ganga á göngunum
- ganga frá eftir mig og henda rusli í ruslafötur
- ganga frá fötunum mínum
- nota inniröddina og hækka ekki röddina
- vera á skólalóðinni í frímínútum
- vera á snjóboltasvæðinu í snjókast
- passa að henda ekki snjóboltum í þá sem vilja ekki láta kasta í sig
- sleppa því að henda snjóbolta í rúður
- ganga vel um leiktækin á skólalóðinni
- borða aðeins þar sem leyfilegt er að borða
- sýna hreinlæti í matsalnum
- vera róleg/ur í matsalnum og í kringum aðra
- nota símann ekki í skólanum heldur geyma hann og spjaldtölvur í töskunni nema þegar leyfi er gefið til að nota spjaldið


Úr samskiptastefnu skólans—varðandi tölvupóstasamskipti:

- Tölvupósta ætti eingöngu að nota til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál.
- Til að ræða viðkvæm, persónuleg mál er betra að biðja um fund eða hringja.
- Ekki er gert ráð fyrir að kennarar opni tölvupóst né svari í síma/farsíma í kennslustundum. Slíkum erindum er sinnt eftir kennslu.
- Ekki er gert ráð fyrir að kennarar og/eða skólastjórnendur svari tölvupósti eftir klukkan fjögur á daginn og um helgar.

Hæfnikort—breyttur kvarði






Á þessu skólaári tökum við upp nýjan kvarða á hæfnikortum nemenda. Það er fimm þrepa kvarði auk möguleikans á að merkja Ó = ólokið. Þessi fjögur þrep höfum við notað hingað til. En bætum nú við fjólubláu merki sem kemur milli gula og græna og á góðri leið.

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

 Á góðri leið

Þannig að matskvarðinn lítur þá svona út. →

MATSKVARÐI

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

Auk þess setjum við inn möguleika á merkingunni Ó = ólokið sem þýðir að nemandi hafi ekki skilað verkefningu þar

sem meta

 Ó

átti þessa tilteknu hæfni og því hafi ekki verið möguleiki að meta hæfnina.

Eldri hæfnikort nemenda eru áfram inni á Mentor og alltaf hægt að skoða þau. Síðan verður smá saman í vetur fært yfir á nýju hæfnikortin af þeim gömlu til að auðvelda yfirsýn.



ÚTIVISTAR-REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22
13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24



www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkennndri skóla,- íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

ALLTAF OPIÐ Í HÁDEGISHLÉINU Í LITLU KÚLU
ALLTAF OPIÐ 14:00-16:00 Í LITLU KÚLU

September

LITLA KÚLA = VALLAKÓR

Mánudagur

Þriðjudagur

Miðvikudagur

Fimmtudagur

Föstudagur

1-4

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

17:00-18:30
OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA)
19:30-22:00
8.BEKKJARKVÖLD

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

7-11

19:30-22:00

SPILAKVÖLD

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

17:00-18:30
OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA)
19:30-22:00
OPIÐ HÚS

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU
20:00-23:00
ÍSBÚÐ VESTURBÆJAR

14-18

19:30-22:00

OPIÐ HÚS

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

17:00-18:30
OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA)
19:30-22:00
9.BEKKJARKVÖLD

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

21-25

19:30-22:00

OPIÐ HÚS

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

17:00-18:30
OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA)
19:30-22:00
OPIÐ HÚS

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU
20:00-23:00
MINUTE TO WIN IT

28-30

19:30-22:00

BÍÓKVÖLD OG KÓSÝ

12:00-16:00

OPIÐ Í LITLU KÚLU

17:00-18:30
OPIÐ HÚS(LITLA KÚLA)
19:30-22:00
10.BEKKJARKVÖLD





Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
6.	7. Ofnakaður lax m/soðnum kartöflum og hvítlaukssóu. Salatbar og ávextir	8. Soðnar kjötfarsbollur m/hvítkáli, bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	9. Píta m/skinu, grænmeti og pítu-sósu. Ávextir	10. Ýsa í orly m/brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir	11. Íslensk kjötsúpa m/lambagúllasi, rófum, gulrótum, lauk, hvítkáli, kartöflum og íslensku bankabyggi. Ávextir	12.
13.	14. Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	15. Ungversk gúllasúpa m/grænmeti, nautagúllasi og grófu snittubrauði. Ávextir	16. Grænmetislasagna m/grófu snittubrauði. Salatbar og ávextir.	17. Heimalagaður ofnbakaður fiskur í karrýsósu m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir	18. Tortilla m/nautahakki, grænmeti (velja sjálf af salatbar), salsasósu, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir	19.
20.	21. Þorskur í tempuempurahjúp m/soðnum kartöflum og remúlaði/tómatsósu. Salatbar og ávextir	22. Nautahakk, linsur og heilhveitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	23. Skyr m/rjómblandi og heilkornabrauði með áleggi. Ávextir	24. Heimalagaður plokkfiskur m/rúgbrauði. Salatbar og ávextir	25. Mexíkósk súpa m/kjúklingi, grænmeti, tortillafögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir	26.
27.	28. Langa í sítrónusmjöri m/soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir	29. Kalkúnabollur í BBQ m/brúnum hrísgrjónum og maísbaunum. Salatbar og ávextir	30. Matarmikil ítölsk grænmetisúpa m/heilhveitipasta og brauði. Ávextir			

Um nesti.....

Við leggjum áherslu á að nemendur komi með hollt og gott nesti í skólann. Helst viðjum við að börnin komi með ávexti og grænmeti sem nesti og drekki vatn. Foreldrar hafa þó val um að senda börn sín með annað hollt og gott nesti. Í umhverfsvænu samfélagi leggjum við áherslu á að nemendur komi með allt nesti í fjölnota umbúðum.



Að gefnu tilefni vekjum við athygli á að orkudrykkir eru ekki leyfðir í skólanum.

Ofnæmi—mataróþol

Minnt er á að ef nemendur eru með mataróþol eða ofnæmi sem taka þarf tillit til þá þurfa foreldrar að framvísa vottorði frá lækni. Vottorðinu er skilað til Hildar matráðs skólans.